

3. fundur fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2024 kl. 16:00 í fundarsal í Laugarási, Bláskógabyggð.

Fundinn sátu: Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður (Flóahreppi), Bjarney Vignisdóttir (Hrunamannahreppi) og Steinar Sigurjónsson (Grímsnes-og Grafningshreppi). Trausti Hjálmarsson (Bláskógarbyggð) boðaði forföll í hans stað mætir varamaður Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Forföll boðuð: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir (Skeiða-og Gnúpverjahreppi)

Auk þess sitja fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Lögð fram tillaga að reglum um stoðþjónustu

Lögð fram tillaga að reglum Velferðarþjónustu Árneshings um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þetta eru nýjar reglur þar sem kveðið er á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. 1., 2., 3. og 5. tölulið 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Að jafnaði skal nýta almenna þjónustu samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, áður en stuðningur samkvæmt reglum um stoðþjónustu kemur til.

Bókun: *Fagnefnd samþykkir reglurnar samhljóða fyrir sitt leyti og vísar málinu til sveitarfélaganna sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. og leggur til að reglurnar verði samþykktar.*

2. Lögð fram tillaga að reglum um stuðningsþjónustu

Lögð fram tillaga að reglum Velferðarþjónustu Árneshings um stuðningsþjónustu. Lagt er til að núverandi reglur um heimaþjónustu og reglur um félagslega liðveislu hjá Velferðarþjónustu Árneshings falli úr gildi og reglur um stuðningsþjónustu komi í þeirra stað. Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita sbr. 25.-27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. t. l. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 1. – 3. t. l. og 5. t. l. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Bókun: *Fagnefnd samþykkir samhljóða reglurnar fyrir sitt leyti og vísar málinu til sveitarfélaganna sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. og leggur til að reglurnar verði samþykktar.*

AAP
SJ
JR
BZ
1
GHT



3. Lögð fram tillaga vegna breytinga á tekju- og eignamörkum um sérstakan húsnæðisstuðning

Lögð er fram tillaga að hækkingu tekjumarkna sem fram koma í 5. gr. reglna Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs bs. um sérstakan húsnæðisstuðning frá og með 1. maí 2024, sem hér segir:

| Fjöldi heimilis- Fólks | Neðri tekjumörk á ári | Efri tekjumörk á ári | Neðri tekjumörk á mánuði | Efri tekjumörk á mánuði |
|---------------------------|--------------------------|-------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| 1 | 5.217.376 | 6.521.721 | 434.477 | 543.477 |
| 2 | 6.900.400 | 8.625.501 | 575.033 | 718.793 |
| 3 | 8.078.518 | 10.098.147 | 673.210 | 841.513 |
| 4 eða fleiri | 8.751.727 | 10.939.657 | 729.310 | 911.637 |

Jafnframt er lagt til að eignamörk samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs bs. um sérstakan húsnæðisstuðning verði hækkuð úr 5.126.000 kr. í 7.747.666 kr. og gildi frá 1. maí 2024.

Bókun: Fagnefnd samþykkir tillöguna samhljóða og leggur til að sveitarfélögin sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs bs. samþykki tillöguna með gildistöku frá og með 1. maí 2024.

Erindi til kynningar

4. Öruggara Suðurland - svæðisbundið samráð

Erindi lagt fram til kynningar.

5. Undanþága frá barnaverndarþjónustu

Lagt fram til kynningar bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneyti dagsett 15. janúar 2024 þar sem fram kemur að sveitarfélagnum sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs bs. er veitt undanþága frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu til 15. janúar 2025.

6. Starfsmannamál

Ráðinn hefur verið þjónustufulltrúi í 50% starf frá og með 4. apríl. Félagsráðgjafi í 80% starfi hefur sagt upp störfum og hefur starfið verið auglýst til umsóknar.

AAE
SS SR
Bv
GH

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 17:15

Sigurbara Rúnarsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Steinar Sigurjónsson
Steinar Sigurjónsson

Bjarney Vignisdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Áslaug Alda Þórarinsdóttir
Áslaug Alda Þórarinsdóttir, varamaður

Anný Ingimarsdóttir
Anný Ingimarsdóttir

Gunnlaug Hartmannsdóttir
Gunnlaug Hartmannsdóttir